



ELÍSABET
GUNNARSDÓTTIR
SKRIFAR
UM MYNDLIST

Listsýning kvenna

Listsýning íslenskra kvenna 1975 stendur nú yfir í Norræna húsinu. Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Félag íslenskra myndlistarmanna og Norræna húsið standa fyrir sýningunni. Þegar stofnað er til sérstakrar

lega um konur í verkum sínum, og þaðan af síður er þetta kvenréttindasýning sem ætlað sé að vera innlegg í baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna, því fæstir þátttakendur koma nokkuð inn á þau mál. Þó má vel vera að konur þær sem sjaldan eða aldrei fara á myndlistarsýningar hafi sig nú af stað, vegna þess að kvennasýning hófði meir til þeirra en aðrar. Um



Kristín Jónsdóttir: Sólblóm.

listsýningar kvenna, vaknar eðlilega sú spurning, hvert sé markmiðið með slíkri sýningu. Ekki ætti að þurfa að sanna þá staðreynd að konur stunda myndlist. Sýningin í Norræna húsinu er ekki á verkum samstæðs hóps eða liststefnu sem borin er uppi af konum. Ekki er heldur um það að ræða að þátttakendum sé það sameiginlegt að fjalla sérstak-

þetta þori ég ekkert að fullyrða, en tók þó eftir því að óvenjulega margar konur voru í kjallara Norræna hússins þegar ég skoðaði sýninguna. Þetta kann þó að hafa verið tilviljun.

Þar sem kvennasýninguna skortir samtengingu og heildarform, verður hún nokkuð sundurlaus eins og oft vill verða um samsýningar. Þátttakendur eru

44 og vinna þær í hin fjölbreytilegustu efni. Þarna eru bæði málverk og teikningar, skúlpúr og vefnaður, grafík og keramik, auk þess sem ein sýnir silfursmíði og önnur húsagerðarlist, en þar sem svo lítið er af þessu tvennu, fellur það ekki inn í ramma sýningarinnar og er ofaukið.

Vefnaðurinn er sá hluti sýningarinnar sem óneitanlega vekur mesta athygli, en tólf vefarar eiga þarna verk. Vigdís Kristjánsdóttir er með eitt stórt teppi, en Gunnlaugur Scheving gerði frummyndina að því. Asgerður Búadóttir einnig stórt teppi, gert á síðastliðnu ári. Báðar eru þessar konur löngu orðnar þekktar fyrir verk sín, og því er meiri nýjung að sjá verk þeirra yngri. Þær eiga það flestar sameiginlegt að verk þeirra eru hlutbundin og einnig að þær taka málefnalega afstöðu. Hafa nokkrar þeirra einmitt valið sér jafnréttisbaráttu kvenna að viðfangsefni. Hildur Hákonardóttir hefur áður sýnt verk sín, bæði hér og erlendis, en er nú með stórt, nýtt teppi, sem ekki hefur verið á sýningu hérlandis, en var aftur á móti á sýningu sem sett var upp víða um Norðurlönd á vegum Sum á síðastliðnu ári. Fékk þetta verk þar lofsamlega dóma. Hildur hefur á seinni árum tekið mjög eindregna pólitíska afstöðu í verkum sínum, og þá oft fjallað um hlutskipti kvenna í samfélaginu. Hún hefur einnig verið kennari flestra, ef ekki allra, yngri vefaranna á sýningunni, og bera sum verkin þess glögg merki.

Af verkum þessa hóps þóttu mér tvö teppi athyglisverðust. „Kartöflukofinn“ eftir Rögna Róbertsdóttur, en hún beitir vefnum þar mjög skemmtilega við myndbygginguna, og mynd Þorbjargar Þórðardóttur „Lífsmunstur konunnar“. Þorbjörg stundar nám í Svíþjóð og sést að hún hefur tileinkað sér nokkrar hugmyndir sænska vefnaðarskólans. Efnismeðferð hennar minnir t.d. á aðferðir Mariu Adlercreutz

sem sýndi hér á norrænu vefnaðarsýningunni í sumar. Þó ekki sé ég kunnug sögu íslensks vefnaðar, þá finnst mér ég ekki hafa séð jafnmikla hreyfingu í þessari grein hér, en eins og áður sagði eru flestir þessara vefara ungir og sýna nú í fyrsta skipti, en eiga vonandi margt eftir ógert.

Ekki er gerlegt að telja upp öll verkin á sýningunni, enda hvort eð er ekki hægt að gera þeim skil hér. Þó má nefna myndir Júlíönu Sveinsdóttur og Kristínar Jónsdóttur, sem nú eru báðar látnar.

Ég sagði í upphafi að heildarsvip skorti á sýninguna, þar sem henni er ekki mörkuð ákveðin stefna. Ef hún er skoðuð sem yfirlit yfir það helsta sem íslenskar konur hafa gert í myndlist undanfarin ár, þá má segja að hún sýni fram á þá staðreynd, sem hefði átt að liggja í augum uppi fyrir, að konur mynda ekki sérstakan hóp innan myndlistarinnar hér. Því væri það skemmtileg hugmynd að koma upp á þessu kvennaári sýn-

ingu sem lýsti hvernig myndlistarmenn — jafnt karlar sem konur — hafa fjallað um líf og störf kvenna í verkum sínum. Slík sýning væri meir í anda kvennaárs Sameinuðu þjóðanna og gæti þar fyrir utan verið stórskemmtileg og fróðleg. En sýning sú sem nú er opin í Norræna húsinu er þó allrar athygli verð, en ekki eru margir dagar eftir; henni lýkur þann 11.

Af öðrum sýningum í bænum mætti nefna, að Jón Baldvinsson sýnir nú að Kjarvalsstöðum. Ekki er hægt að gera þessari sýningu skil hér, en þó get ég ekki stillt mig um að minnst á það atriði sem mér finnst Jón eiga sammerkt með mörgum svipuðum, en það er fjöldi verkanna. Ef valið hefði verið úr þessari sýningu, og hún grísið rækilega, hefði útkoman orðið mun viðkunnanlegri. Í þeirri mynd sem sýningin er nú, er ofhlæðið svo yfirlægilegt, að þær myndir sem frekar ættu skilið að sjást hverfa gjörsamlega í mergðina.

Sápuauglýsing eftir Hildi Hákonardóttur



Vísindalegur lófalestur



Lófalestur hefur til þessa verið sérreittindi spákvenna. En nú hafa vísindamenn skorast í leikinn. Hvítrússneskir vísindamenn hafa fært líkur að því, að linur lófans gefi ýmsar upplýsingar um arfgenga eiginleika, og þá ekki síst um hugsanlega arfgenga sjúkdóma. (ljósm. apn)



Hvað varð af tunnum og tunnugjörðum?

Í gamla daga þegar allar stelpur urðu að vera í þilsum hvað sem á gekk, áttu þær ekki sjö dagana sæla á vorin. Þá urðu þær að gera sig ánægðar með að reka ryðgáðar tunnugjörðir með spýtum á mjóum moldargötum að húsbaki, og eina ráðið til þess að verða forug upp fyrir eyru var að reyna að stýra gjörðinni í almennilegan moldarpoll og steypa sér á kollinn við að ná henni upp úr. — Eina bótin var sú að stráknir voru oftastnær boðnir og

búnir til að koma manni ofan í forina. Þá var hægt að segja eftir þeim og það gat verið meira gaman en allt annað. Nú er líklega hætt að trúa stelpum þó þær segi að þetta hafi allt verið strákunum að kenna.

Eftir á að hyggja. Hvað er orðið af tunnum og tunnugjörðunum? Þetta þarf að athuga, því það var búið til allt mögulegt úr tunnum í gamla daga, og þær gætu komið sér vel nú í dyrtíðinni.